

Verkefni: Stjórnarfundur Gígunnar
Dagsetning fundar: 31. mars 2014.
Tímasetning fundar: kl. 18:00 - 19:30
Fundarstaður: Melgerði 16, 108 Reykjavík

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Pórhildur Kristjánsdóttir (ÞK)	formaður	Skype
Dagbjört Ottósdóttir (DO)	varaformaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Guðlaug Ásgeirsdóttir (GÁ)	gjaldkeri	Mætt
Ragnheiður Helgadóttir (RH)	meðstjórnandi	Mætt
Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	vefstjóri	Mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Regnhlífasamtök, fundur.**

Dagbjört og Ragnheiður fóru á fund um regnhlífasamtök þann 28. mars s.l. Staðan var búin að breytast töluvert. Á fundinum var rætt um að það yrði manneskja ráðin til að sjá um kóramót og ýmis önnur störf á vegum kóranna. Það var ekki það sem áætlað var í upphafi. Áætlað er að 2 manneskjur fari á fund ráðherra til að athuga hvort hægt sé að setja á fjárlög starfsmann fyrir áhugakóra landsins. Stjórnin ákvað að bíða og sjá hvað gerist í framhaldi þessa fundar sem áætlaður er í október hjá menntamálaráðherra.

2. Styrkur til landsmótslagsins.

Ákveðið var af stjórninni að styrkja landsmótslagið um 33% af kostnaði sem eru 150.000 kr. úr tónverkasjóðnum. Kvk. Akureyrar þarf að greiða mjög hátt verð fyrir landsmótslagið og ferðakostnað Huga (tónskáldins) vegna lagsins. Hugi býr í Kaupmannahöfn og þarf að ferðast til Akureyrar. Kvk. Akureyrar sótti ekki um í Hlaðvarpanum þar sem stjórn Gígunnar hafði fengið upplýsingar um að ekki væri lengur hægt að sækja um styrk hjá þeim. Ákveðið var af stjórninni að styrkja landsmótið sérstaklega um 150.000 kr. þar sem erfitt hefur verið að fá styrki og þar sem enginn styrkur kom til þeirra frá Hlaðvarpanum sökum misskilnings. Stjórnin þarf að athuga hvort það sé ekki best að Gígjan semji við höfunda um kostnað vegna landsmótslaganna í framtíðinni svo að kostnaðurinn verði ekki allt of hár.

3. Fánar.

Fánarnir 50 og stóri fáninn kosta 251.627 kr. Ákveðið var að bíða með barmmerki þar til á næsta landsmóti. ÞK ætlar að vera í sambandi við Grétu um að setja prentunina af stað.

4. Félagsgjöld.

Það þarf að senda út rukkun til kóranna vegna félagsgjalda Gígunnar frá pósthengi Gígunnar.

5. Landsmót 2017.

Kvennakór Ísafjarðar hefur boðist til að halda næsta landsmót kvennakóra árið 2017. Ákveðið var að taka því boði og er stjórn Gígjunnar ánægð með að landsmótið 2017 verði haldið á Ísafirði. Tilkynnt verður um þetta við lok landsmótsins á Akureyri.

6. Heimasíða.

Rætt var um að það þyrfti að setja einhverjar upplýsingar inn á heimasíðuna á ensku til fróðleiks fyrir erlenda kóra og tengda aðila. Það þarf að laga og uppfæra heimasíðuna. AG ætlar að fara yfir þá hluti með Heiðu Gunnarsdóttir, hvað þarf að laga og hvaða breytingar höfðu verið áætlaðar.

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 19:20

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir